



Verkkaupi: Ísafjarðarbær

Umsjón og eftirlit: Framkvæmdasýsla ríkisins

Oflóðavarnir á Ísafirði

Aurvarnargarður ofan Hjallavegar, áfangi 2

**FRAMVINDUSKÝRSLA
FYRIR MAÍ og JÚNÍ 2017**



EFNISYFIRLIT

1.	Yfirlit yfir verkið.....	1
2.	Framkvæmdir	1
3.	Staða verks miðað við áætlun.....	1
4.	Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar	2
5.	Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum	2
6.	Fyrirsjáanlegar breytingar	2
7.	Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna.....	2
8.	Yfirlit um eftirlit.....	2
9.	Upplýsingar um veðurfar	3

1. Yfirlit yfir verkið

Verkið felst í seinni áfanga í byggingu aurflóðavarnargarðs ofan Hjallavegar og nyrsta hluta Urðarvegar á Ísafirði. Um er að ræða u.þ.b. 650 m langan aurvarnargarð og samsvarandi flóðafarveg ofan hans. Í fyrri áfanga, árið 2011, var nyrðri hluti garðsins formaður og eru nú um 170m eftir af gerð hans. Þó á enn eftir að gera stóran hluta af farveginum í nyrðri hlutanum. Í verkinu felst einnig að leggja um 570 m langan vegslóða eftir botni flóðafarvegar og meðfram vegslóðanum skal gera lækjarfarveg. Jafnframt lagning um 170m af göngustígum sem eftir er að leggja, mótun skeringa flóðmegin við garða og frágangur. Jafna skal öll röskuð svæði og sá í þau.

Verkkaupi:	Ísafjarðarbær
Umsjón og eftirlit verkkaupa:	Framkvæmdasýsla ríkisins, Hafsteinn Steinarsson verkefnisstjóri. Daglegt eftirlit, Sveinn D K Lyngmo hjá Tækniþjónustu Vestfjarða.
Verkhönnun:	Efla verkfræðistofa.
Landslagshönnun:	Teiknistofan Eik/Verkís verkfræðistofa
Verktaki:	Kubbur ehf, Sigurður Óskarsson verkefnisstjóri.

2. Framkvæmdir

Vinna á verkstað hófst 24. maí. Gerður var varnargarður á tippsvæði í Grænagarðsnámu og flutt efni úr skeringu á tipp og sett þurr efni í varnargarðinn jöfnum höndum. Unnið í bráðabirgðavegum. Verktaki stöðvaði verkið 30. maí vegna rigninga og byrjaði aftur 12. júní.

3. Staða verks miðað við áætlun

Verkliðir sem eru á eftir áætlun eru:

- 1) Skering í fyllingu aurvarnargarðs: Verkið átti að byrja 24. maí og standa yfir þar til 16. júní. Verkið er byrjað og búið að flytja um 2.000 af um 7.000 rúmmetrum í garðinn.

- 2) Skering á tipp í Grænagarðsnámu: Verkið átti að byrja 19. júní og því á að ljúka 21. júlí. Verkið er byrjað og búið að flytja um 4.000 af 16.000 rúmmetrum af efni á tipp.

4. Yfirlit yfir verkstöðu og magnbreytingar

Greiðslustaða verksins, verksamningsgreiðslur

Dags. áætl.	Áætlun verktaka þús. kr.	Upps. Áætlun þús. kr.	Áætlun verktaka %	Reikn. nr.	Dags. verkstöðu	Upphæð reiknings kr.	Greiðslur samtals kr.	Staða verks %
19.5-2.6	5.214	5.214	8,8	1				
3.6-16.6	6.045	11.259	18,9	2	7.6.2017	4.033.974	4.033.974	6,8
17.6-30.6	11.178	22.437	37,7	3				
1.7-14.7	11.178	33.615	56,5	4	22.6.2017	7.757.431	11.791.405	19,8
15.7-28.7	6.139	39.754	66,8	5				
29.7-11.8	1.840	41.594	69,9	6				
12.8-25.8	3.669	45.263	76,0	7				
26.8-8.9	2.830	48.093	80,8	8				
9.9-22.9	3.759	51.852	87,1	9				
23.9-6.10	3.049	54.901	92,2	10				
7.10-20.10	3.358	58.259	97,9					
21.10-31.10	1.2070	59.529	100					
Samtals	59.529					11.791.405		

5. Aukaverk og breytingar frá útboðsgögnum

Engar breytingar hafa verið gerða á verkinu frá útboðsgögnum.

6. Fyrirsjáanlegar breytingar

Engar fyrirsjáanlegar breytingar eru á verkinu.

7. Yfirlit yfir helstu niðurstöður rannsókna

Ekki hafa verið gerðar neinar rannsóknir í tengslum við verkið.

8. Yfirlit um eftirlit

Eftirlit sér um samskipti á verkstað á framkvæmdatíma milli hönnuða, verkefnisstjóra og verktaka. Verkfundir eru haldnir með u.þ.b. 2 vikna millibili og haldnir hafa verið 2 formlegir verkfundir frá verkbyrjun. Eftirlit hefur ritað fundargerðir vegna þessa og dreift þeim til viðkomandi aðila.

9. Upplýsingar um veðurfar

Verður hefur verið fremur óhagstætt á framkvæmdatímanum vegna þrálátra rigninga.

Hafi verkkaupi athugasemdir eða ábendingar við það sem kemur fram í þessari skýrslu eða við þjónustu FSR má hafa samband við verkefnisstjóra eða senda ábendingar á netfangið abendingar@fsr.is.

Reykjavík 7. júlí 2017

Hafsteinn Steinarsson
Verkefnastjóri FS